

345. fundur sveitarstjórnar Bláskógabyggðar haldinn í Aratungu, Reykholti, miðvikudaginn 1. nóvember 2023, kl. 09:00.

Fundinn sátu:

Helgi Kjartansson, Stefanía Hákonardóttir, Sveinn Ingi Sveinbjörnsson, Guðrún S. Magnúsdóttir, Guðni Sighvatsson, Anna Greta Ólafsdóttir, Jón Forni Snæbjörnsson og Ásta Stefánsdóttir.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

Leitað var afbrigða til að taka á dagskrá ályktun um málefni landbúnaðar og stöðu bænda og styrkumsóknir. Var það samþykkt og verða liður 24, 18 og 19 á dagskrá fundarins.

1. Fundargerð skipulagsnefndar - 2301013

268. fundur haldinn 25.10.2023, afgreiða þarf sérstaklega liði nr. 2 til 5.

-liður 2, Skógarholt; Frístundabyggð í landi Reykjavalla; Endurskoðun deiliskipulags - 2309101

Lögð er fram tillaga er varðar heildarendurskoðun deiliskipulags frístundabyggðarinnar Skógarholts í landi Reykjavalla. Við gildistöku deiliskipulagsins er gert ráð fyrir því að eldri tillaga m.s.br. falli úr gildi. Skipulagið tekur til 37 frístundalóða. Götur og veitur hafa þegar verið lagðar og frístundahús hafa risið á flestum lóðum innan skipulagssvæðisins. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

-liður 3, Apavatn 2 lóð (L167668); byggingarheimild; gestahús - 2307028

Fyrir liggur umsókn Vigfúsar Halldórssonar fyrir hönd Raven Design ehf., móttekin 10.07.2023, um byggingarheimild fyrir 40 fm gestahúsi á sumarbústaðalandinu Apavatn 2 lóð L167668 í Bláskógabyggð. Athugasemdir bárust á kynningartíma framkvæmdarinnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt samantekt viðbragða. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir útgáfu byggingarheimildar eftir grenndarkynningu og að málinu verði vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa. Að mati sveitarstjórnar hefur þeim athugasemdum sem bárust vegna málsins verið svarað með fullnægjandi hætti í framlagðri samantekt athugasemda og viðbragða. Framlagt við afgreiðslu er bréf byggingarfulltrúa til umsækjanda um stöðvun framkvæmda. Sveitarstjórn gerir verulegar athugasemdir við að framkvæmdir hafi hafist áður en kynningartíma málsins var lokið.

-liður 4, Laugarvatn; Einbúi, Reitur 8; Breyttir skilmálar og fjölgun byggingarreita; Deiliskipulagsbreyting - 2310057

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar er varðar Reit 8 (Einbúa) á Laugarvatni. Í breytingunni felst að uppbygging innan lóðar verður eingöngu á efra svæði en engin byggð á neðra svæði. Einnig eru gerðar breytingar á byggingarskilmálum, í stað bygginga í fornum stíl verði 32 ferðabjónustuhús, 30-40 fm að stærð og mænishæð þjónustuhúss hækkar úr 5,9 m í 6,5 m. Bílastæði verða staðsett við ferðabjónustuhús og þjónustuskála. Nýtingarhlutfall er 0,05. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins, með þeirri breytingu að nýtingarhlutfall lóðarinnar verði óbreytt frá gildandi deiliskipulagi. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi.

-liður 5, Borgarrimi 9 í Reykholti; Parhúsalóð í raðhúsalóð; Deiliskipulagsbreyting - 2310063

Handwritten signatures and initials: *JS, ASM, SIS, H.K.*

Lögð er fram umsókn frá Bláskógabyggð um óverulega breytingu á deiliskipulagi Reykhólts. Í breytingunni felst að parhúsalóð við Borgarríma 9 er breytt í 3ja íbúða raðhúsalóð. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Breytingin verði grenndarkynnt lóðarhöfum Borgarríma 1, 3, 5, 7 og 11. Fundargerðin var lögð fram til kynningar hvað aðra liði varðar.

2. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2301026

935. fundur haldinn 16.10.2023

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

3. Fundargerð afgreiðslufunda byggingarfulltrúa - 2301014

193. fundur haldinn 18.10.2023

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

4. Fundargerð stjórnar skóla- og velferðarþjónustu Árneshóla - 2302008

Fundur haldinn 17.10.2023

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

5. Endurheimt vistkerfa og kolefnisbinding í þjóðlendum - 2302015

Erindi forsætisráðuneytisins, dags. 25.10.2023, þar sem óskað er eftir tilnefningu tveggja fulltrúa í nefnd um endurheimt vistkerfa og kolefnisbindingu þjóðlenda.

Sveitarstjórn samþykkir að tilnefna Guðrúnu S. Magnúsdóttur og Jón Forna Snæbjörnsson til setu í nefndinni.

6. Lóðarumsókn Hverabraut 8, Laugarvatni - 2310050

Umsókn Arnhöfða verktaka ehf, um lóðina Hverabraut 8, Laugarvatni.

Umsóknin var lögð fram. Lóðin hefur verið auglýst laus til umsóknar og ein umsókn borist. Sveitarstjórn samþykkir að fresta afgreiðslu málsins og fá frekari upplýsingar um byggingaráform umsækjanda.

7. Veðiðiskúr í landi Iðu 2 - 2310051

Beiðni Eigendafélagsins að Iðu 2, dags. 26. október 2023, um aðgerðir af hálfu sveitarfélagsins til að fjarlægja veiðihús.

Sveitarstjórn vísar málinu til byggingarfulltrúa.

8. Jörðin Selkot, Þingvallasveit - 2310057

Beiðni Sigurjóns Hallvarðssonar, dags. 16.10.2023, um viðræður um jörðina Selkot.

Sveitarstjórn þakkar erindið. Ekki er á dagskrá að selja jörðina Selkot.

9. Styrkbeiðni vegna veghalds í frístundabyggð (Setberg í landi Grafar) - 2310066

Styrkumsókn Setbergs, félags í frístundabyggð, dags. 11.04.2023, vegna útlagðs kostnaðar við veghald að fjárhæð kr. 409.200.

Sveitarstjórn samþykkir styrkveitingu að fjárhæð kr. 204.600 með vísan til b. liðar 4. gr. reglna um styrki til veghalds. Kostnaður rúmast innan fjárhagsáætlunar.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "SB", "TAK", and "AS".

10. Styrkbeiðni vegna veghalds í frístundabyggð (Skógarholt) - 2310065

Styrkumsókn Ættarráðs Laugarvatnsættar, dags. 04.09.2023 vegna útlagðs kostnaðar við veghald að fjárhæð kr. 809.720.

Sveitarstjórn samþykkir styrkveitingu að fjárhæð kr. 400.000 með vísan til a. liðar 4. gr. reglna um styrki til veghalds. Kostnaður rúmast innan fjárhagsáætlunar.

11. Styrkbeiðni vegna veghalds í frístundabyggð (Veiðilundur) - 2310064

Styrkumsókn Veiðilundar, félags sumarbústaðaeigenda, dags. 17.05.2023, vegna útlagðs kostnaðar við veghald að fjárhæð kr. 725.400.

Sveitarstjórn samþykkir styrkveitingu að fjárhæð kr. 362.700 með vísan til b. liðar 4. gr. reglna um styrki til veghalds. Kostnaður rúmast innan fjárhagsáætlunar.

12. Styrkbeiðni vegna veghalds í frístundabyggð (Sandskeið) - 2310063

Styrkumsókn Félags sumarhúsaeigenda við Sandskeið, dags. 23.05.2023, vegna útlagðs kostnaðar við veghald kr. 24.252.474.

Sveitarstjórn samþykkir styrkveitingu að fjárhæð kr. 400.000 með vísan til a. liðar 4. gr. reglna um styrki til veghalds. Kostnaður rúmast innan fjárhagsáætlunar.

13. Styrkbeiðni vegna veghalds í frístundabyggð (Helludalur) - 2310061

Styrkumsókn Helludalsfélagsins, dags. 29.06.2023, vegna útlagðs kostnaðar við veghald að fjárhæð kr. 343.480.

Sveitarstjórn samþykkir styrkveitingu að fjárhæð kr. 171.740 með vísan til b. liðar 4. gr. reglna um styrki til veghalds. Kostnaður rúmast innan fjárhagsáætlunar.

14. Styrkbeiðni vegna veghalds í frístundabyggð (Reykjaskógur) - 2310061

Styrkumsókn Félags sumarhúsaeigenda í Reykjaskógi, dags. 30.06.2023, vegna útlagðs kostnaðar við veghald að fjárhæð kr. 496.000.

Sveitarstjórn samþykkir styrkveitingu að fjárhæð kr. 248.000 með vísan til b. liðar 4. gr. reglna um styrki til veghalds. Kostnaður rúmast innan fjárhagsáætlunar.

15. Styrkbeiðni vegna veghalds í frístundabyggð (Holtshverfi í landi Reykjavalla) - 2310060

Styrkumsókn Félags sumarhúsaeigenda í Holtshverfi í landi Reykjavalla, dags. 24.08.2023 um styrk vegna vegna útlagðs kostnaðar við veghald að fjárhæð kr. 1.122.880.

Sveitarstjórn samþykkir styrkveitingu að fjárhæð kr. 400.000 með vísan til a. liðar 4. gr. reglna um styrki til veghalds. Kostnaður rúmast innan fjárhagsáætlunar.

16. Styrkbeiðni vegna veghalds í frístundabyggð (Miðdalur) - 2310059

Styrkumsókn Miðdalsfélagsins dags. 27.08.2023 vegna útlagðs kostnaðar við veghald að fjárhæð kr. 1.450.000.

Sveitarstjórn samþykkir styrkveitingu að fjárhæð kr. 400.000 með vísan til a. liðar 4. gr. reglna um styrki til veghalds. Kostnaður rúmast innan fjárhagsáætlunar.

17. Styrkbeiðni vegna veghalds í frístundabyggð (Brekka) - 2310058

Styrkumsókn Félags sumarhúsaeigenda í landi Brekku, dags. 16.09.2023, vegna útlagðs kostnaðar við veghald að fjárhæð kr. 1.173.288.

Sveitarstjórn samþykkir styrkveitingu að fjárhæð kr. 400.000 með vísan til a. liðar 4. gr. reglna um styrki til veghalds. Kostnaður rúmast innan fjárhagsáætlunar.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "AS", "SS", "AS", "H.K.", and "GSM".

18. Styrkbeiðni vegna veghalds í frístundabyggð (Fell) - 2311001

Styrkumsókn Fells, frístundabyggðar, dags. 31.10.2023, vegna útlagðs kostnaðar við veghald að fjárhæð kr. 1.324.811.

Sveitarstjórn samþykkir styrkveitingu allt að fjárhæð kr. 400.000 með vísan til a. liðar 4. gr. reglna um styrki til veghalds, með fyrirvara um nánari upplýsingar um reikninga. Kostnaður rúmast innan fjárhagsáætlunar.

19. Styrkbeiðni vegna veghalds í frístundabyggð (Lækjarhvammur) - 2311002

Styrkumsókn Rekstrarfélags Urriðalækjar, dags. 01.11.2023, vegna útlagðs kostnaðar við veghald að fjárhæð kr. 2.268.478.

Sveitarstjórn samþykkir styrkveitingu að fjárhæð kr. 400.000 með vísan til a. liðar 4. gr. reglna um styrki til veghalds. Kostnaður rúmast innan fjárhagsáætlunar.

20. Styrkbeiðni Soroptimistaklúbbs Suðurlands vegna Sigurhæða fyrir árið 2024 - 2310067

Styrkbeiðni Sorptimistaklúbbs Suðurlands, dags. 29.10.2023, um styrk vegna reksturs Sigurhæða.

Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið um 395.000 kr. Kostnaður rúmast innan fjárhagsáætlunar.

21. Styrkbeiðni Afslins, samtaka fyrir þolendur ofbeldis, 2023 - 2310056

Styrkbeiðni Afslins, dags. 18.10.2023, þar sem óska er eftir styrk til starfseminnar.

Sveitarstjórn sér sér ekki fært að styða verkefnið.

22. Hreinsistöð fráveitu Reykholti - 2103034

Hreinsistöð fráveitu í Reykholti, stækkun á stöð

Sveitarstjórn samþykkir að kaupa búnað til stækkunar á hreinsistöð í Reykholti þannig að hreinsistöðin anní 900-950 persónueiningum.

Samþykktur er viðauki við fjárhagsáætlun, kr. 32.000.000 vegna verkefnisins. Kostnaðarauka verði mætt með lækkun á handbæru fé.

23. Brot gegn samþykkt um hundahald - 2310068

Aðgerðir vegna brota gegn samþykkt um hundahald

Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu málsins. Einn hundur er í gæslu á vegum Bláskógabyggðar. Sveitarstjóra og sviðsstjóra framkvæmda- og veitusviðs er falið að vinna áfram að málinu.

24. Málefni landbúnaðar og staða bænda - 2310070

Ályktun um málefni landbúnaðar og stöðu bænda

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir eftirfarandi ályktun um málefni landbúnaðar og stöðu bænda:

Sú staða sem bændur standa frammi fyrir og þær rekstraraðstæður sem við þeim blasa, veldur sveitarstjórn Bláskógabyggðar afar þungum áhyggjum.

Rekstrargrundvöllur margra búa er með öllu brostinn, vegna mikilla kostnaðarhækkana á aðföngum, hás vaxtastigs og lausaffárskorts.

Landbúnaður og matvælaframleiðsla er einn stærsti atvinnuvegur sveitarfélagsins Bláskógabyggðar og allra Uppsveita Árnessýslu eins og fram kemur í nýsamþykkttri Atvinnumálastefnu Uppsveita.

Óstöðugleiki sem blasir við á heimsvísu vegna stríðsátaka, loflagsbreytinga og heimsfaraldra, ætti að knýja stjórnvöld enn frekar til að styðja við að landbúnaðinum sé tryggt öruggt rekstrarumhverfi.

Það er nóturlegt að aðeins örfáum mánuðum eftir að fyrsta matvælastefna fyrir Ísland var samþykkt af ríkisvaldinu, með háleitim markmiðum og fögnum fyrirheitum um sjálfbærni og fæðuöryggi þjóðarinnar, skuli aðstæður til matvælaframleiðslu á Íslandi nær ógjörningur.

Sveitarstjórn skorar á ríkisvaldið að grípa tafarlaust til aðgerða gagnvart þeim afleiddu aðstæðum sem bændur standa frammi fyrir. Fjöldaflótti úr greininni blasir við og þó svo mikill vilji sé hjá ungu fólki að starfa við landbúnað eru aðstæður til nýliðunar ómögulegar.

25. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um lögheimili og aðsetur, lögum um mannvirki og lögum um brunavarnir - 2310049

Úr samráðsgátt stjórnvalda, drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um lögheimili og aðsetur, lögum um mannvirki og lögum um brunavarnir, til umsagnar.

[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3573](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3573)

Umsögn Grímsnes- og Grafningshrepps var lögð fram. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar tekur undir umsögn Grímsnes- og Grafningshrepps um málið. Umsögnin verður birt á heimasíðu Bláskógabyggðar og skilað inn á samráðsgátt.

26. Frumvarp til laga um breytingar á lögum um grunnskóla (kristinfræði) - 2310052

Erindi allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 26.10.2023, þar sem sent er til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um grunnskóla (kristinfræðikennsla), 47. mál.

Umsagnarfrestur er til 9. nóvember nk.

Frumvarpið var lagt fram.

27. Frumvarp til laga um tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi, 314. mál. - 2310055

Erindi umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 18.10.2023 þar sem sent er til umsagnar frumvarp til laga um tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi, 314. mál.

Umsagnarfrestur er til 1. nóvember nk.

Lagt var fram erindi Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 18.10.2023, þar sem send er til umsagnar frumvarp til laga um tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi, 314. mál.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar ítrekar fyrri umsögn sína um málið, frá því að frumvarpið var fyrst lagt fram í maí s.l. Sveitarstjórn telur rétt að afmarka með skýrum hætti hvaða húsnæði heimilt er að nýta sem búsetuúrræði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd, en nokkuð er um það nú þegar að húsnæði í eigu ríkisins hefur verið ráðstafað undir slík úrræði án þess að um sé að ræða húsnæði sem ætlað er til fastrar búsetu, svo og hefur slíkt húsnæði verið tekið á leigu sem búsetuúrræði. Sveitarfélög á Íslandi, sem fara með skipulagsvald og eftirlit með óleyfisbúsetu, eiga ekki að þurfa að standa í ágreiningi við ríkisvaldið um hvort heimildir standi til þess að nýta húsnæði sem búsetuúrræði og að því leyti er til bóta að skýrar reglur verði settar. Hinsvegar telur sveitarstjórn að ekki megi takmarka skipulagsvald sveitarfélaga með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í 4. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um heimild Skipulagsstofnunar til að veita undanþágu frá skipulagi hlutaðeigandi sveitarfélags. Frestur sveitarfélags til að veita umsögn um beiðni Vinnumálastofnunar um slíka undanþágu er mjög knappur, eða tvær vikur, og veiti sveitarfélag ekki umsögn innan þeirra tímamarka er litið svo á að sveitarfélagið geri ekki athugasemd við undanþágu. Æskilegt væri að fresturinn væri fjórar vikur, en ekki tvær. Þá er ákvörðun Skipulagsstofnunar ekki kæránleg til æðra stjórnvalds og er gerð athugasemd við það. Samkvæmt 21. mgr. 45. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 hefur

ráðherra vald til að veita undanþágu frá ákvæðum skipulagreglugerðar að fenginni umsögn hlutaðeigandi sveitarstjórnar og Skipulagsstofnunar. Eðlilegt væri að undanþágur af þessu tagi færu í sama farveg og undanþágur almennt í málaflóknum. Þá er ekki ljóst hver eru réttaráhrif tilkynningar sveitarfélags skv. 8. mgr. 3. gr. og 8. mgr. 4. gr. frumvarpsins til lóðarhafa og nágranna í grennd sem eiga hagsmuna að gæta um breytta notkun húsnæðisins, en tekið er fram að ekki verði um grenndarkynningu að ræða áður en undanþága verði veitt.

28. Áfangastaðaaætlun Suðurlands - 2310053

Erindi Markaðsstofu Suðurlands, dags. 25.10.2023, varðandi uppfærða áfangastaðaaætlun Suðurlands.

Áfangastaðaaætlunin var lögð fram til kynningar.

29. Reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga - 2310054

Erindi Innviðaráðuneytisins, dags. 18.10.2023, þar sem vakin er athygli á nýrri reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga.


Erindið var lagt fram til kynningar.

30. Niðurfelling Langabaráðsvegar af vegaskrá - 2308025

Umsögn Vegagerðarinnar, dags. 16.10.2023, vegna fyrirhugaðrar niðurfellingar Langabaráðsvegar af vegaskrá.

Umsögnin var lögð fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 10:30.


Helgi Kjartansson



Stefanía Hákonardóttir


Sveinn Ingi Sveinbjörnsson


Guðrún S. Magnúsdóttir


Guðni Sighvatsson


Anna Greta Ólafsdóttir


Jón Forni Snæbjörnsson


Ásta Stefánsdóttir